

Ísafj. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 602 2017050072 - Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi

Til : Skipulagsstofnun - SLS; Jón Smári Jónsson - SLS
Frá : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>
CC : Skipulag;
Heiti : Ísafj. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 602 2017050072 - Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi
Málsnúmer : 202211044
Málsaðili : Hábrún ehf.
Skráð dags : 10.02.2023 00:00:00
Höfundur : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>

2017050072 - Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi

Lagður fram tölvupóstur, dags. 12. janúar 2023, frá Jóni Smára Jónssyni hjá sviði umhverfismats Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar hjá Ísafjarðarbæ vegna tilkynningar Hábrúnar um um styttingu hvíldartíma eldissvæðis fyrirtækisins í Skutulsfirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í tilkynningu framkvæmdaraðila.



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 2. janúar 2023
Tilv. 2022-12-07-2449/2.5.0

Efni: Varðar fyrirhugaða breytingu á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði

Með tölvupósti þann 7. desember 2022 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða breytingu á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar fyrir 650 tonnum á regnbogasilungi ásamt 50 tonnum af þorski í Skutulsfirði. Fram kemur í tilkynningunni að stytting á hvíldartíma hefur ekki aukna smithættu í för með sér fyrir villta laxfiska í firðinum og að stytting hvíldartíma hafi engin áhrif á villta laxastofna með tilliti til erfðablöndunar. Stytting hvíldar eldissvæðis Hábrúnar er ekki talin hafa í för með sér aukna smit hættu vegna fisksjúkdóma eða sníkjudýra hjá villtum laxfiskum í Skutulsfirði/Ísafjarðardjúpi umfram það sem nú er.

Litlir veiðihagsmunir eru í Skutulsfirði og ekki hefur verið starfandi veiðifélag þar.

Miðað við forsendur í tilkynningunni telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að kynnt breyting á hvíldartíma eldissvæðis undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Bolungarvík 12. janúar 2023

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7
105 Reykjavík

Umsögn um breytingu á hvíldatíma eldissvæðis Hábrúnar ehf í Skutulsfirði

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið tilkynningu um styttingu á eldistíma Hábrúnar ehf í Skutulsfirði og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Fiskeldi er ekki undir eftirliti heilbrigðisnefndar heldur er umhverfisáhrif á starfssvið Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.

Virðingarfyllt

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 05.01.2023
MFRI: 2022-12-0625

**Efni: Tilkynning um breytingu á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði,
Ísafjarðardjúpi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 7. desember 2022. Hábrún hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir tilkynninguna en í henni eru bæði staðreyndavillur og röng notkun hugtaka.

Breytingin sem tilkynnt er um felur í sér mikla styttingu á hvíldartíma eða frá 12 mánuðum í 3 mánuði. Að mati Hafrannsóknastofnunar er ekki nægilega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af þessari miklu styttingu m.t.t. sjúkdóma, sníkjudýra og mengunar.

Þá vill Hafrannsóknastofnun aftur benda á að eldisfyrirkomulag Hábrúnar er líklegt til þess að auka hættu á smitsjúkdómum og lúsarvandamálum þar sem svæðið sem ein heild er aldrei í hvíld.

Vegna ágalla tilkynningarinnar telur Hafrannsóknastofnun að ekki sé unnt að meta hvort umrædd breyting skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Jón Smári Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Selfoss, 4. janúar 2023
Tilvísun: 2212178

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um breytingu á hvíldartíma Hábrúnar í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 7. desember 2022, vegna breytingar á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði. Hábrún er með rekstrarleyfi (FE-1140) í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi sem heimilar 700 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og þorski á hverjum tíma.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020. Stofnunin hefur einnig eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum og reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröf vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

Í tilkynningu Hábrúnar er gert ráð fyrir að hvíldartími, sem skilgreindur er í starfsleyfi Umhverfisstofnunar, sé stytur úr 12 mánuðum í 90 daga. Skv. 46. gr. reglugerðar 540/2020 um fiskeldi er gerð krafa um að þegar eldi og slátrun hvernar kynslóðar lýkur skuli svæðið hvílt í a.m.k. 90 daga. Matvælastofnun getur gert kröfu um aukinn hvíldartíma ef þörf er á. Hvíldartíminn sem Hábrún leggur til í tilkynningunni er því innan þeirra skilyrða sem sett eru í reglugerð um fiskeldi og tilheyrir rekstrarleyfisskilyrðum. Matvælastofnun vill taka fram að miklu máli skiptir að virk vöktun á umhverfispáttum skv. starfsleyfi sé góð.

Varðandi heilbrigðismál þá er hér um að ræða 700 tonna eldi á regnbogasilungi, en með aukningu á umfangi eldis og þegar skipt verður yfir í lax þá verður ekki komist hjá því að líta á Skutulsfjörð sem eitt kynslóðarsvæði þar sem fjórðurinn er tæmdur milli kynslóða með a.m.k. 90 daga hvíld á milli (all in – all out). En í dag Hábrún er með umsókn um tegundabreytingu á núgildandi rekstrarleyfi yfir í regnbogasilung, frjóan lax og ófrjóan lax.

Jafnframt mun Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfi Hábrúnar á næstunni skv. 25. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat vegna styttingar hvíldartímans m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir
Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0011
SS

Efni: Umsögn um tilkynningu Hábrúnar á breytingu á hvíldartíma eldissvæðis í Skutulsfirði

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 7. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu Hábrúnar ehf. um breytingar á hvíldartíma eldissvæðis fyrirtækisins í Skutulsfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni. Breytingin á hvíldartíma sem er áætluð er veruleg, eða úr 12 mánuðum í 3 mánuði. Slíkri breytingu fylgir óneitanlega aukning á umsvifum fiskeldisins hverju sinni, og þar með álagi á umhverfið sem starfsemin veldur. Í tilkynningunni er einkum fjallað um lífræna mengun sem fellur á sjávarbotn. Vísað er í að vöktun á ástandi sjávarbotns hingað til hefur ekki bent til þess að lífræn mengun sé að valda neikvæðum áhrifum nema á mjög staðbundinn hátt. Það útilokar ekki að aukið umfang starfseminnar geti haft meiri, hraðari og víðtækari áhrif. Mikilvægt er að það sé skoðað að mati Náttúrufræðistofnunar hver þau áhrif gætu verið, en aðrar fagstofnanir t.d. Hafrannsóknarstofnun búa yfir víðtækari sérþekkingu en Náttúrufræðistofnun um áhrif lífrænnar mengunar í sjó og því betur til þess fallnar að úrskurða um hvers konar viðbótarvöktun eða rannsóknir þyrfti til að meta áhrif breytingarinnar, og þá jafnframt hvort þörf sé á sérstöku umhverfismati sökum þess.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á mikilvægi þess að lagt sé mat á áhrif vegna mögulegrar aukningar á annarri mengun eða truflun vegna aukins umfangs starfseminnar. Þar má nefna hljóð- og ljósmengun, loft- og efnamengun (sem og truflun fyrir dýralíf) vegna aukinnar bátaumferðar sem þjónustar eldissvæðið og mögulega aukningu á plastmengun frá starfseminni sem getur borist í hafið. Ef þörf er á umhverfismati fyrir framkvæmdina á breytingu hvíldartíma þá ætti að skoða þessa þætti einnig.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2023
UST202212-072/A.Þ.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – stytting hvíldartíma – Hábrún ehf. Skutulsfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Hábrún ehf. (hér eftir nefnd framkvæmdaraðili) hefur leyfi til framleiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungi og þorski (að hámarki 650 tonna lífmassi af regnbogasilungi og 50 tonna lífmassi af þorski á hverjum tíma) í sjókvíum í Skutulsfirði.

Nú áformar framkvæmdaraðili að sækja um styttingu á hvíldartíma sjókvíaeldissvæða úr 12 mánuðum niður í 3 mánuði.

Eldissvæði Hábrúnar er 1,32 km² sem skiptist í þrjú kvíasvæði. Eldið er kynslóðaskipt, tvö svæði eru í notkun á hverjum tíma og eitt í hvíld. Umhverfisstofnun hefur áður bent á og áréttar að þó svo talað sé um aðskilin kvíasvæði þá eru þau staðsett á sama svæðinu í firðinum svo ekki er hægt að tala um mjög aðskilin kvíasvæði heldur aðskilin eldissvæði líkt og sjá má í viðauka 1 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um matsskyldufyrirspurn framkvæmdaraðila vegna tegundabreytingar úr regnbogasilungi og þorski í lax í janúar 2014. Hér er stofnunin aðeins að veita umsögn um áform um styttingu á hvíldartíma fyrir eldi á regnbogasilungi og þorski og vill vekja athygli á því ef ætlunin er að sækja um tegundabreytingu.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um staðsetningu kvía og umhverfi, eldisbúnað, eldisfisk, eldisferli, eldisáætlun, umhverfisaðstæður, fóður og lífræn efni sem berast í umhverfið, afföll á lífmassa, hvíldartíma, vöktun og vöktunaráætlun, sjúkdóma og sníkjudýr og varnir gegn þeim.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal framkvæmdaraðili tilkynna Skipulagsstofnun um

fyrirhugaða framkvæmd og leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð umhverfisáhrif hennar. Hann skal, þar sem við á, taka tillit til fyrirliggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og leggja fram, þar sem við á, upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu sem hér er til umfjöllunar er ekki fjallað um líkleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Stofnunin telur að vegna nálægðar eldissvæðanna hvert við annað og hve grunnt er niður á botn sé mjög mikilvægt að botninn sé hvíldur nægilega lengi. Vöktun fyrirtækisins, sbr. vöktunaráætlun, hefur sýnt að lífrænt álag er sýnilegt á svæðum þar sem framleiðsla er í hámarki og þar eru botndýrasamfélög undir álagi vegna uppsöfnunar lífrænna efna. Álag á svæði eftir 12 mánaða hvíld var í samræmi við væntingar vöktunaraðila árið 2021.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum sjókvíaeldisfyrirtækja er ákvæði þess eðlis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu eftir hvíldartíma bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á svæðinu. Þá verður einnig gerð sú krafa að framkvæmdaraðili geri grein fyrir og útbúi áætlun um hvað gert verður við fiskinn ef ekki verður hægt að setja hann út vegna þess að þörf er á lengri hvíldartíma. Stofnunin vill vekja athygli á því að þau fyrirtæki sem eru með heimild fyrir 90 daga hvíldartíma í starfsleyfum eru með önnur kvísvæði þar sem fjarlægðin er slík að mögulegt er að setja þar út fisk ef vöktun leiðir í ljós að ekki eru aðstæður til þess að setja út fisk á fyrirhuguðu svæði eftir lágmarkshvíld.

Niðurlag

Vegna nálægðar svæðanna og mögulegrar dreifingar lífrænna efna inn á svæði í hvíld telur Umhverfisstofnun óvissu ríkja um áhrif á botndýralíf vegna fyrirhugaðrar styttingar.

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningunni sé ekki gerð nægjanlega grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum fyrirhugaðra breytinga. Vegna staðsetningar og nálægðar eldissvæðanna telur stofnunin ofangreind atriði kalla á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur